

Hafnarfirði, 18. október 2021

Minnisblað um verkefni starshóps um vatnsvernd og vatnsnýtingu

Helstu verkefni starfshópsins eru

- Árleg endurskoðun grunnvatns- og rennislíkans höfuðborgarsvæðisins.
- Borun rannsóknarborhola í Bláfjöllum.
- Niðursetning nýs vatnshæðarmælis í borholu BF-03 sem er nú þegar í Bláfjöllum.

Verkfræðistofan Vatnaskil heldur utan um rekstur grunnvatns- og rennislíkans höfuðborgarsvæðisins, safnar mæligögnum og keyrir þau saman. Á hverju ári er skýrslu skilað og niðurstöður kynntar fyrir starfshópnum.

Gert hafði verið ráð fyrir að nýfjárfestingum yrði lokið árið 2021 en vegna covid tafðist borun nýrra rannsóknarborhola. Gert er ráð fyrir að borun verði boðin út í lok árs 2021 og verkið verði unnið 2022.

Niðursetning vatnshæðarmælis í borholu hefur seinkað þar sem mælir festist í henni. Fulltrúi SSH er í viðræðum við eigendur holunnar, skíðasvæðin, um leiðir til að leysa vandann.

Áætlun vegna reksturs og fjárfestinga er í samræmi við áætlun sem kom fram í samkomulagi sem sveitarfélögin undirrituðu árið 2020.

Guðmundur Elíasson

Umhverfis- og veitustjóri